1859. 13. júlí. inu geti haft nokkuð að þýða í verkinu. En hún getur að hinu leytinu ekki álitið hentugt að leggja mál þetta fyrir næsta alþing, eins og nefndur embættismaður hafði stungið upp á, og það því síður, sem það liggur í augum uppi, að skoðanir íslenzku embættismannanna um úrslit þessa máls eru ólíkar, og það má sjá fyrir, að sama myndi verða ofaná á þinginu; þessvegna álítur hún rèttast að bíða eptir, að alþing veki máls á þessu, áður en nokkur ákvörðun verði um það gjörð hèr.

Kirkju- og kennslustjórnin er fyrir sitt leyti á sama máli og dómsmálastjórnin í þessu efni, en þess má þó þegar hèr geta, að svo framarlega sem spursmál getur verið um, að hjálpa ábúendum kirkjujarðanna með að koma upp kúgildunum aptur, ætti hjálp þessi að líkindum að vera í því innifalin, að leiguliðum, sem hlut eiga að máli, gæfist hæfilegur frestur með að koma upp kúgildunum, og væri leyft að koma þeim upp smátt og smátt, innan viss tíma, sem nákvæmar væri til tekinn.

Loksins er þess að geta, að amtmaður Havstein seinast í álitsskjali sínu hefur borið undir stjórnina, hvort ekki mætti af sjóðum kirknanna, eða þá af tekjum prestakallanna, greiða skaðabætur eptir rèttri tiltölu fyrir fè það, er fellt hafði verið í Húnavatnssýslu. Um þetta hefur embættismanni þessum verið skrifað í dag, og hefur stjórnin synjað samþykkis síns í þessu efni, því það hlýtur að lenda á hlutaðeigandi ábúendum kirkjujarðanna, þegar þeir hafa lofað að taka þátt í skaðabótum þeim, sem hèr ræðir um, að greiða sinn hluta, án þess að kirkjujarðirnar missi nokkurs í við það.

---

14. júlí. **29. Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í Norður- og Austurumdæminu, um, að katólskur klerkur, Bernard að nafni, megi byggja hús á Seyðisfirði.**

Þèr hafið, herra amtmaður, með brèfi yðar, dagsettu 2. febrúar í fyrra, sent fyrirspurn á latínu frá katólskum klerki, Bernard-Bernard að nafni, er komið hafði til Íslands árið 1857,

um það, hvort nokkuð væri því til fyrirstöðu, að hann á sinn kostnað reisti hús á lóð þeirri, sem hann þegar hafði keypt, á Seyðisfjarðar verzlunarstað eða þar í grend við, til þess að veita þar móttöku frakkneskum fiskurum, er á sumrum koma til Íslands, og vera þeim til hjálpar og aðstoðar, bæði í veikindum þeirra og andlegum þörfum, og meðal annars til að geta veitt þeim sakramentið eins og siður er til í hinni katólsku kirkju. 1859. 14. júlí.

Það hefur verið skrifazt á við kirkju- og kennslustjórnina um mál þetta, og fengið álit ríkislögræðismannsins um það, sem hèr fylgir eptirrit af. Af sömu ástæðum, sem embætttismaður þessi hefur tekið fram, finnur stjórnin ekki ástæðu til að setja sig á móti því, sem hèr er beðið um, ef næg ábyrgð getur fengizt fyrir, að leyfi þetta ekki verði misbrúkað í neinu tilliti, og sízt til að reyna að snúa Íslendíngum til katólskrar trúar.

Eg verð þessvegna að biðja yður, herra amtmaður, að leita álits hlutaðeigandi sýslumanns um þetta efni, og síðan skýra stjórninni frá skoðun yðar á þessu máli. Jafnframt bið eg yður að láta Bernard-Bernard vita, hvernig stjórnin fyrst um sinn hefur skorið úr beiðni hans; og um leið vekja athygli hans á því, að eptir fyrirmælum laganna frá 15. apríl 1854 er það heimildarlaust fyrir útlend fiskiskip, nema í hafsnauð, að sigla beinlínis inn á Seyðisfjörð, en þar á móti verða þau fyrst að hleypa inn á einhverja af höfnum þeim, er til eru greindar í 2. grein laga þessara, til að gæta þess, sem fyrir er mælt í þessari grein.

Fylgiskjal:

Útdráttur úr álitsskjali ríkislögræðismannsins í málinu um Bernard prest, dags. 10. Mai 1858.

. . . . Dómsmálastjórnin hefur í brèfi dags. 6. þ. m. beiðzt álits míns um mál þetta, og einkum það, hvort ekki mætti álíta, að 6—1—3 í Kristjáns 5. lögum enn þá væri gildandi á Íslandi, svo að reka mætti hinn katólska klerk, er hèr ræðir um, úr landi eptir þessum lagastað, eða ef menn ekki vildu beita slíkri hörku, hvort honum ekki yrðu settir skilmálar

1859. 14. júlí. samkvæmt þessari laga ákvörðun, sem hann yrði að hlýðnast, til að fá að dvelja á Íslandi.

Eins og grundvallarlögin 5. júni 1849 ekki ná til Íslands, og ákvarðanirnar í 7. kafla þeirra ekki eiga þar við, á líkan hátt má álíta að 6—1—3 í dönsku lögum ekki sè úr lögum tekinn við ákvarðanir þær, sem þar eru um trúarfrelsi þegnanna; þetta er og skýlaust tekið fram í umræðunum á ríkisþinginu um frumvarp til laga um heimild fyrir erlenda gyðinga til að taka bólfestu í ríkinu (sjá Lþt. 1. Sess. 1850, bls. 1436—54). Þarað heimild sú, sem reglug. 17. nóvember 1786 gefur öllum játendum kristinnar trúar, og þá einnig katólskum, til „frjálst og ótakmarkað að rækja trú sína", að eins gildir um kaupstaðina á Íslandi, og samkvæmt opnu brèfi 28. desember 1836 um hina löggildu verzlunarstaði, en staður sá, þar sem byggja á hús það sem hèr ræðir um, eptir upplýsingum þeim, sem amtmaðurinn yfir Norður- og Austur-amtinu hefur gefið, ekki verður álitinn löggildur verzlunarstaður, má álíta að stjórnin hafi rètt til að banna, að slíkt hús verði reist þar, og að beita lögboðinu í 6—1—3 móti hinum katólska klerki, er hèr ræðir um, ef til þess kynnu að finnast nægar ástæður.

Það er nú hvorki sannað, að hann sè út sendur frá háskóla Jesúíta, eins og biskupinn yfir Íslandi hefur fullyrt, eða upplýst, að hann hafi reynt að telja menn af trú sinni, eða yfir höfuð að tala sýnt sig í nokkru, sem er ólöglegt; en þvert á móti er hann, eptir vitnisburði sýslumannsins í Norðurmúla sýslu, þar sem hann hefur dvalið, friðsamur maður, og hefur opt miðlað málum milli landsmanna og skipverja á hinum frakknesku fiskiskútum, og milli skipverja sjálfra, þegar þras hefur komið upp milli þeirra; hann hefur og hjálpað landsmönnum til að ná rètti sínum, þegar fiskarar þessir á einhvern hátt hafa gjört á hluta þeirra. Það er enn fremur eðlileg og sanngjörn ósk, að hinir mörgu frakknesku þegnar, sem á sumrum dvelja við strendur Íslands á fiskiveiðum, vilji hafa andlegrar stèttar mann, sömu trúar og þeir eru, til að leita trausts og hælis hjá, einkum þegar

eitthvað gengur að þeim, sem þeir þurfa því heldur við, þar þeir eru svo langt frá heimili sínu. 1859. 14. júlí.

Af þessum rökum mun hin danska stjórn, sem annars er vön að vera væg í trúarefnum, ekki neita klerki þessum um að taka bólfestu á Íslandi, til þess að veita löndum sínum þá aðhjúkrun og hjálp í trúarefnum, sem hann til ætlast, ef nægileg trygging fæst fyrir því, að leyfi þetta verði ekki misbrúkað á nokkurn hátt, og sízt til að telja Íslendínga á katólska trú.

Það er því heldur ráðlegt að fara þannig að, því ef öðruvísi væri að farið, gæti vel farið svo, að frakkneska stjórnin gengi í málið, sem bezt er að komast hjá.

---

30. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi og amtmannsins í Vesturumdæminu, um síldarveiðar Norðmanna við Ísland m. fl. 14. júlí.

Amtmaðurinn í Norður- og Austurumdæminu hefur gjört fyrirspurn hjá stjórninni um, hvort og að hvað miklu leyti Norðmenn, sem kynnu að reyna síldarveiðar í fjörðum og víkum á Íslandi, þurfa að greiða hið lögboðna tveggja ríkisdala lestagjald. Dómsmálastjórnin hefur í þessu tilliti, eptir að hafa bent til þess, sem mælt er fyrir um heimild erlendra til að fiska við Ísland í brèfum hennar 18. apríl og 9. maí þ. á., í dag úrskurðað, að erlendir ekki megi verka fisk þann, sem þeir veiða, á Íslandi, og hvenær sem nokkuð er affermt eða fermt, skulu þeir skyldir að greiða það tveggja dala lestagjald, er lögin 15. april 1854 bjóða.

Þetta gjörum vèr yður, herra stiptamtmaður (amtmaður), kunnugt, svo að þèr getið hagað yður þar eptir.